

Erindi

Búðum, Fáskrúðsfirði 28.maí 2024

Berist til: *Bæjarráð Fjarðabyggðar*

Frá: *Hollvinasamtökum Skrúðs*

Varðandi: *Salerni með aðgengi fyrir hjólastóla og breytingar á núverandi salernisaðstöðu.*

Hollvinasamtök Skúðs óska eftir því við Fjarðabyggð að farið verði í þá framkvæmd að útbúa salerni með aðgengi fyrir hjólastóla í félagsheimilinu Skrúði Fáskrúðsfirði. Núverandi salernisaðstaða hússins er með þeim hætti að þeir einstaklingar sem notast við hjólastól geta undir engum kringumstæðum notað slíka aðstöðu í húsinu.

Salernismál í Skrúði eru eftirfarandi: tvö salerni eru fyrir dömur og tvö salerni fyrir herra auk þvagskála. Rýmið undir herrasalernið er umtalsvert stærra en rýmið undir dömusalernið þannig að hollvinasamtökin fara þess einnig á leit við Fjarðabyggð að farið verði í rýmisskipti, þ.e. herrasalernið verði að dömusalerni og öfugt.

Teljum við afar mikilvægt að farið verði í umræddar aðgerðir til þess að jafna aðgengi allra að félagsheimilinu því afar leitt er til þess að hugsa að ákveðin hópur fólks sé útilokaður vegna aðstæðna sem hægt er að ráða bót á.

Virðingarfyllt,

F.h. Hollvinasamtaka Skrúðs,

Smári Júlíusson formaður.